

Vilhelm Knudsen kjötkaupmaður á Akureyri

Til Nýársins

geta menn fengið margt nauðagnlegt
í **kjötþúðinni** svo sem:

Rúðherrapylsur 0.50, Rúðmappylsur 0.50,
Þjóðræðispylsur 0.60, Þingræðispylsur 0.60,
Spegispylsur, Ivenskonar 0.60–0.75,
Rullupylsur 0.45, Kæfna góðu 0.35,
Hangkjóte 0.30–0.40, Hangið flesk 0.75–0.85,
Síð, reykt, 0.06, Nautstungur, reykt, 0.60–1.00,
Svínaþjót 0.20–0.85, Margarine í 1 pd. þökkum 0.70, mjólk, fínt,
Kex í 1 pd. kókium 0.70–0.85, flinn sortir,
Niðurodd kjöt, fiskur, síð, amjósur, sandliur bæði reykt og óreykt,
mjólk, ódýrt,
Niðuroddir ávarir: Penur 0.90, Apricot 0.70, Ananas 0.65, Brom-
ber 0.75, Epli 0.50,
Saltatai í 2 og 10 pd. krökkum 0.55–1.10, margu sortir.

Þessi listur lýstingunum
líkum söluum. Gætt
þess að þessum listum
er að gefa tilvitunir um
þessu... hvernig er þetta
vægi list af þessu.

Auglýsingin er frá 1905 og lýsir vel tíðarandanum. Vel má ímynda sér að ráðherrapylsur hafi verið einstaklega góðar en hver skyldi hafa verið munurinn á ritsímappylsum, þjóðræðis- og þingræðispylsum? Safn Davíð Stefánssonar frá Fagraskógi, G-50/6.

Kjötþúðin

heldur áfram, eftir nokkurn tíma, í húsi bankastjóra Fr. Kristjánssonar. Byrjað er þegar að innrétta og flýti verður fyrir því sem kostur er á.

Innlend matvæli geta menn þá fengið eins og áður og útlend matvæli koma nú með næstu skipum.

Mysuost og Steppeost og ýmisleg niðuroddin matvæli, sem björguðust úr brunanum verða seld í Strandgötu 1 næstu daga.

Akureyri 22. okt. 1906.

Premur dögum eftir Oddeyrarbrunann mikla 1906 auglýsir Knudsen ost og aðrar niðursuðuvörur sem björguðust úr brunanum til sölu. Jafnframt boðar hann opnun búðarinnar á nýjum stað sem var í Hafnarstræti 88. Safn Davíðs Stefánssonar frá Fagraskógi, G-50/6.

Matvælisti
hlutafjélagssins „Eyjaffjörður“.

Spegispylsur 0.70–0.75. Servelatpysur 0.60. Wiener-Medister- og Hamborgarpysur 0.50, fást altáfrá öðru hvoru. — Rullupylsa 0.40. Kæfa 0.40.

Svínlæri söltuð og reykt 0.75–0.80. Síðuflesk saltað 0.65. — Svínlæri og svínshöfuð söltuð koma með Mjólini. Nautstungur nýjar, saltaðar og reyktar 1.00.

Lax, reyktur, feitur og góður 0.75–0.85.

Ostar, margar tegundir, svo sem: Mejeri 0.30. Limborgar 1.00. Gouda 0.55. Edammer 0.85. Holstenskur 1.10. Appetit stk. 0.05–0.20. Síðar koma: Roquefort, Kumen, rússneskur Steppe, Mysuostar og í smáglösu m: Camenbert, Brie, Mont d'or, Roquefort o. fl.

Auglýsingin er ekki ásett en mun líklega vera frá því um vorið 1904 þegar hlutafélagið opnaði verslun í Hafnarstræti 93. Óneitanlega gott vöruúrval og það af lúxusvarningi og metnaðurinn mikill sbr. „...verður reynt að gera sjer far um að hafa sem flestar sortir til af öllu ætilegu og nauðsynlegu til lífsviðurhalds...“. Safn Davíðs Stefánssonar frá Fagraskógi, G-50/6.

Sagt er að matarmenning Akureyringa hafi batnað töluvert þegar Vilhelm Knudsen fluttist til Akureyrar árið 1902. Vilhelm fæddist í Reykjavík 5. ágúst 1866 og lagði stund á ýmislegt áður en hann kom til Akureyrar. Hann var stúdent, var eitthvað í Prestaskólanum og tók heimspekispróf 1888. Síðan kenndi hann börnum bæði í Reykjavík og á Austurlandi og var verslunarmaður á Fáskrúðsfirði. Um haustið 1903 varð Knudsen framkvæmdastjóri hlutafélagsins Eyjafjörður en markmið þess var kjöt- og fisksala og pylsugerð. Sumarið eftir opnaði félagið verslun í Hafnarstræti 93 en það hús var jafnan nefnt Jerúsalem. Húsið brann árið 1945.

Hvað varð um hlutafélagið Eyjafjörður er ekki alveg á hreinu en jafnan er talað um Knudsen kjötkaupmann eftir 1904, eins og hann hafi verið sinn eigin herra. Knudsen var með búð í Strandgötu 5 en húsið var kallað Hornhúsið og stóð á mótum Hafnarstrætis og Strandgötu. Í október 1905 brann húsið til kaldra kola, ásamt fjórum öðrum verslunarhúsum, bakhúsum og skúrum. Sex verslanir urðu þarna eldi að bráð og á annað hundrað misstu heimili sitt. Í brunanum fórust 18 hænsn Knudsens og kötturinn hans fannst daginn eftir, illa sviðinn en þó óbrenndur og hinn sprækasti. Eftir þetta flutti Knudsen búðina í Hafnarstræti 88 og rak áfram til 1910 er Kaupfélag Eyfirðinga keypti búðina. Knudsen flutti til Reykjavíkur 1912.

Á meðan Knudsen rak kjötverslun kom hann upp sláturhúsi og reykhúsi og fékk lærdan slátrara frá Kaupmannahöfn til að annast framleiðsluna. Miklar kröfur voru gerðar til hreinlætis við slátrunina og aldrei fyrr hafði það frést að kaupmaður neitaði að kaupa skepnu til slátrunar vegna þess að hún væri sjúk. Knudsen var gleðimaður og tók þátt í leiksýningum, enda leikari af guðs náð, flinkur skrautritari og sjálfstæðismaður fram í fingurgóma.

Helstu heimildir:

1. Jón Hjaltason, 2000: *Saga Akureyrar. III. bindi.*
2. Fæðing nútímamannsins 1906-1918. Akureyrarbær.
3. Marta Valgerður Jónsdóttir, 1986: *Knudsensætt. Niðjatal Lauritz Michaels Knudsens kaupmanns í Reykjavík og konu hans Margrethe Andreu, f. Hölter.* Sögusteinn - bókaforlag.
4. Steindór Steindórsson 1993: *Akureyri. Höfuðborg hins bjarta norðurs.* Örn og Örlygur.